

ÞETTA KORT SÝNIR REITASKIPTINGU RÝMINGARÁÆTLUNAR FYRIR FLATEYRI

Hver reitur er auðkenndur með tölustaf frá 4–6

Reitur 4 II. stigs rýming	Reitur 5 III. stigs rýming	Reitur 6 ekki rýming
Sólbakki (íbúðarhús) Sólbakki (iðnaðarhúsnæði) Sólbakki 6	Bót Hafnarstræti (bensínstöð) Goðatún 2, 4, 6 og 14 Hafnarstræti 14 Hjallavegur 1–3, 5, 7, 9–11, 14, 16, 18 og 20 Ólafstún 3–7, 9, 12 og 14 Tjarnargata 8 (skóli, sundlaug, íþróttahús) Melagata 1–9	Bárugata 3 og 4 Brimnesvegur Drafnargata Eyrarvegur Flateyraroddi Grundarstígur (leikskóli) Hafnarbakki Hafnarstræti 1–7, 9, 11, 13, 15, 23 og 27a Hrannargata Oddavegur Öldugata Ránargata Túngata Unnarstígur Vallargata



GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR

Helstu símanúmer:


Neyðarnúmer	112
Lögreglan, upplýsingasími	450 3730
Stjórnstöð almannavarnar- nefndar (Fjarðarstræti 28, Ísafirði)	450 8215
Slökkvistöðin (Ísafirði)	450 8200
Heilsugæslustöðin (Ísafirði)	450 4500
Björgunarsveitarhúsið	456 7733

Fjöldahjálparstöð:

Grunnskólinn á Flateyri

Viðbúnaðarupplýsingar á vefnum:
www.vedur.is/ofanflod/vidbunadur
www.almannavarnir.is/ryming.asp

ÁKVÖRÐUN UM RÝMINGU



LEIÐBEININGAR

▼ Ákvörðun um rýmingu verður tilkynnt íbúum símleiðis. Eftir að íbúum á tilgreindum reitum hefur borist tilkynning um rýmingu, ber þeim að fara eins fljótt og auðið er í öruggt húsnæði skv. fyrirfram ákveðinni áætlun. Allir, sem staddir eru í húsum sem rýma skal, þurfa að tilkynna hvar þeir verða. Þeir sem óska aðstoðar almannavarnarnefndar við útvegum húsnæðis, mæti sem fyrst í fjöldahjálparstöð í grunnskólanum. ▲

Áður en húsið er yfirgefið skal húsráðandi/íbúi huga að eftirfarandi:

1. Ganga tryggilega frá helstu verðmætum eða hafa þau meðferðis.
2. Taka til lyf, fatnað og nauðsynleg hjálpartæki, t.d. gleraugu og heyrnartæki o.fl. þ.h.
3. Taka með sér nauðsynjar fyrir ungbörn ef þau eru á heimilinu.
4. Tryggja að matvæli liggi ekki undir skemmdum.
5. Loka tryggilega öllum gluggum og dyrum.
6. Ganga úr skugga um að hiti sé á húsinu.
7. Skilja eftir ljós í forstofu og við útidyr.

Að þessu loknu skal halda tafarlaust til þeirrar fjöldahjálparstöðvar sem ákveðin hefur verið til móttöku/skráningar fólks eða til þess staðar sem ákveðinn hefur verið.

Þegar HÆTTUÁSTAND er yfirstaðið er því formlega aflýst af Veðurstofu, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnarnefnd. Slíkt skal tilkynnt öllum hlutaðeigandi og fólk aðstoðað við að snúa til síns heima.

Nóvember 2007



VEÐURSTOFA ÍSLANDS
ALMANNAVARNADEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

www.vedur.is/ofanflod · sími 522 6000

VEÐURSTOFA ÍSLANDS OG ALMANNAVARNADEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

ÍSAFJARÐARBÆR:

FLATEYRI

RÝMING HÚSNÆÐIS VEGNA SNJÓFLÓÐAHÆTTU

AUKIÐ ÖRYGGI

▼ Mannskaðar og eignatjón af völdum snjóflóða á Íslandi á umliðnum árum sýna, svo ekki verður um villst, að grípa verður til aðgerða til þess að auka öryggi fólks sem býr eða starfar á snjóflóðahættu-svæðum. Varnarvirki gegn snjóflóðum draga úr hættunni en uppbygging þeirra er yfirgripsmikið verkefni og kostnaðarsamt. Því mun nokkur tími líða þar til komið hefur verið upp varnarvirkjum alls staðar þar sem þeirra er þörf. Ekki verður öll byggð á hættusvæðum varin með varnarvirkjum og þau veita ekki fullkomið öryggi þó þau dragi úr hættunni. Veðurstofa Íslands hefur í samráði við Almannavarnadeild

Ríkislögreglustjóra og almannavarnarnefnd í héraði gert áætlun um rýmingu húsnæðis á Flateyri sem miðar að því að forða fólki undan hugsanlegu snjóflóði þegar veðurspá og aðstæður á staðnum benda til þess að hættu sé á ferðum. Um er að ræða endurskoðun á rýmingarkorti og rýmingaráætlun frá árinu 1996. Við endurskoðunina hefur verið tekið tillit til hættumats, sem unnið hefur verið fyrir þær byggðir sem búa við snjóflóðahættu, og snjóflóðavarnarvirka sem reist hafa verið. Rýmingarkortið verða í framtíðinni endurskoðuð í framhaldi af frekari uppbyggingu snjóflóðavarnarvirka. ▲

RÝMINGARÁÆTLUN OG REITAKORT

▼ Í þessum bæklingi er að finna upplýsingar um rýmingaráætlun og reitakort fyrir Flateyri sem Veðurstofa Íslands hefur unnið í samráði við heimamenn. Rýmingaráætlunin og reitakortið verða lögð til grundvallar aðgerðum þegar snjóflóðahætta skapast. Reitakortið er sérstakur uppráttur af Flateyri þar sem merkt eru inn þau svæði í bænum, svo-

kallaðir rýmingarreitir, þar sem getur orðið ástæða til þess að rýma húsnæði ef talin er hættu á snjóflóðum. Samkvæmt lögum ber Veðurstofunni að gefa út viðvaranir um staðbundna snjóflóðahættu. Skal þá rýma húsnæði á reitum, sem tilgreindir eru í viðvörðun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi rýmingaráætlun. ▲

ÞRJÚ STIG RÝMINGAR

■ **Rýming á I. stigi** nær til þeirra reita sem eru næst hlíð eða snjóflóðafarvegi. Þar þarf ekki mikla snjósöfnun í upp-takasvæði til þess að skapa snjóflóðahættu.

■ **Rýming á II. stigi** miðast við þekkt flóð eins og þau ná lengst eða önnur svæði sem talin eru sambærileg. Á þessum reitum skapast hætta við mikla snjósöfnun. Rýming á II. stigi fylgir í flestum tilvikum hættumatslínu C á hættumatskorti.

■ **Rýming á III. stigi** nær til svæða þar sem mjög stór snjóflóð eru hugsanleg við verstu aðstæður. Við afmörkun á þessum svæðum er stuðst við reiknilíkön og metið hversu langt snjóflóð gæti náð ef aftakaaðstæður skapast.

Rýming á III. stigi nær einnig til svæða þar sem snjóflóðahætta er talin geta skapast við mjög ólíklegar aðstæður. Engar sögulegar heimildir þurfa að vera um að snjóflóð hafi nokkru sinni fallið á svæðinu. Þar sem snjóflóð eru mjög fátíð getur rýming á III. stigi náð til stærra svæðis en afmarkað er á snjóflóðahættumati. Búist er við að sárasjaldan komi til rýmingar á III. stigi, en engu að síður er nauðsynlegt að hafa tilbúna áætlun um rýmingu ef hætta skapast.

HELSTU HUGTÖK

■ **Rýmingarkort**
Kort þar sem rýmingarreitir eru afmarkaðir. Kortið sýnir jafnframt útlínur þekktra snjóflóða og upplýsingar um skriðlengd. Kortið í þessum bæklingi er einfölduð útgáfa af rýmingarkortinu sem hægt er að nálgast á:
www.vedur.is/ofanflod/vidbunadur

■ **Rýmingarreitir**
Rýmingarkort skiptir bæjarfélagi upp í reiti. Reitaskiptingin nær til alls bæjarfélagsins, einnig þeirra svæða sem aldrei eru rýmd. Rýmingarreitir eru auðkenndir með númerum. Til þess að númer reita ruglist ekki saman við rýmingarstig, sem táknað er með rómversku tölunum I, II og III, er reitum úthlutað númerum frá og með 4.

■ **Rýmingaráætlun**
Rýmingaráætlun er framkvæmda-áætlun almannavarnanefndar og tiltekur hvernig staðið skuli að rýmingu í þéttbýli í viðkomandi sveitarfélagi. Í áætluninni er listi yfir hús á hverjum reit, og upplýsingar um íbúa, símanúmer o.fl. sem þörf er á þegar til rýmingar kemur. Listinn með kortinu í bæklingi þessum er einfölduð útgáfa af listanum.

■ **Rýmingargreinargerð**
Greinargerð fylgir hverju rýmingarkorti. Í greinargerðinni er fjallað um landfræðilegar aðstæður, snjóflóðasögu og aðdraganda snjóflóða á viðkomandi stað. Gerð er grein fyrir aðstæðum sem skapa snjóflóðahættu og leiða til rýmingar í sveitarfélaginu.

RÝMING ER SJÁLFSÖGÐ VARÚÐARRÁÐSTÖFUN

▼ Fyrir öryggi íbúanna skiptir það höfuðmáli að húsnæði sé alltaf rýmt þegar talin er hætta á snjóflóðum. Erfitt getur verið að segja til um það með vissu hvort snjóflóð fari af stað og nákvæmlega hversu langt það fari. Sökum þessarar óvissu er ljóst að þó að húsnæði sé rýmt mun í fæstum tilfellum falla snjóflóð inn á reitinn sem rýmdur var. ▲

ÁKVÖRÐUN UM RÝMINGU HÚSNÆÐIS

▼ Samkvæmt lögum nr. 49, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum frá 23. maí 1997, tekur Veðurstofa Íslands ákvörðun um rýmingu húsnæðis að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd. Lögreglustjóri, í samráði við almannavarnanefnd, getur ákveðið að rýma húsnæði án aðkomu frá Veðurstofu Íslands eða ákveðið að rýma stærra svæði en Veðurstofan gefur fyrir-mæli um.

Lögreglustjóri, í samráði við almannavarnanefnd, tekur ákvörðun um staðbundna rýmingu vegna annarrar hættu en snjóflóðahættu, svo sem vegna aur-skríðna, vatnavaxta eða krapaflóða, þar sem ekki er stuðst við fyrirfram ákveðna reitaskiptingu á rýmingarkortum. Sömu aðilar taka ákvarðanir um rýmingu húsa í dreifbýli og um takmarkanir á umgengni við hesthúsabyggð og önnur svæði utan rýmingarkorta. ▲

DAGLEG VÖKTUN Á SNJÓFLÓÐAHÆTTU

▼ Á Veðurstofu Íslands er snjóflóðahætta vöktuð daglega yfir vetrar-mánuðina. Á helstu þéttbýlistöðum, þar sem hætta er talin á snjóflóðum, eru starfandi snjóathugunarmenn, sem fylgjast með snjóalögum og uppbygg-ingu snjóþekjunnar. Við ákvörðun um rýmingu er stuðst við upplýsingar frá snjóathugunarmönnum um snjósöfnun og lagskiptingu snjóþekjunnar, veður-spá, upplýsingar frá sjálfvirkum og mönnum veðurstöðvum og mælingar á snjódypt frá snjódyptarmælum á upptakasvæðum flóða. Niðurstöður reiknilíkana og samanburður við veður-aðdraganda þekktra snjóflóða gefa vísbendingu um hversu stórra snjóflóða geti verið að vænta. ▲

VERÐUR ALLTAF ÞÖRF Á AÐ RÝMA HÚSNÆÐI?

▼ Rýmingarreitir á I. og II. stigi eru í flestum tilvikum á hættusvæði C. Samkvæmt reglugerð nr. 505 frá 2000 á að tryggja öryggi á hættusvæðum C með varanlegum varnavirkjum eða uppkaupum á húsnæði. Stefnt er að því að brýnustu varnaraðgerðum verði lokið á næstu árum. Eftir þann tíma ætti því ekki að vera þörf á rýmingu á I. og II. stigi. Áfram verður þörf á að fylgjast með snjóflóðahættu og grípa til rýmingar á III. stigi ef ástæða er talin til. Eins og áður er komið fram er rýming á III. stigi mun sjaldgæfari en rýming á I. eða II. stigi. ▲

RÝMING – SKIPULAG OG FRAMKVÆMD

▼ Lögreglustjóri og almannavarnanefnd stjórna rýmingu húsnæðis sem fer fram samkvæmt rýmingaráætlun. Lögregla, björgunarsveit eða Rauðakrossdeild sér um að skrá nöfn þeirra sem rýmt hafa húsnæði sitt og hvar þeir dvelja meðan rýming varir. Skráning fer fram í fjölda-hjálparstöð eða símleiðis.

Þegar húsráðandi/íbúi fær fyrirmæli um að rýma hús sitt, skal hann tryggja að allir sem í húsinu búa eða vinna fái vitnesku um að rýma skuli húsnæðið. Fara skal á þann stað og eftir þeim leiðum sem fyrirmæli kveða á um.

Meðan fyrirmæli um rýmingu húsnæðis eru í gildi er umferð um rýmda reiti bönnuð nema með samþykki lögreglustjóra. ▲

UPPLÝSINGAR UM FLÓÐ

▼ Upplýsingum um snjóflóð og skriður er skilað til Veðurstofu Íslands á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á vef Veðurstofunnar: www.vedur.is/ofanflod/skraning eða með því að hafa samband við Veðurstofuna í síma 522 6000. Snjóathugunarmenn í helstu snjóflóðabyggðarlögum taka einnig við upplýsingum um flóð. ▲

HVER ER MUNURINN Á RÝMINGARKORTI OG HÆTTUMATSKORTI?

■ **Rýmingarkort** afmarka reiti sem rýmdir verða við ákveðnar aðstæður.

■ **Hættumatskort** eru notuð við skipulagningu byggðar. Þau sýna, eins og nafnið ber með sér, mat á áhættu af völdum snjóflóða og annarra ofanflóða. Á hættumatskortum afmarkar hættumatslína snjóflóðahættusvæði frá svæðum fjær hlíðum þar sem hætta er talin viðunandi. Ofan hættumatslínu eru dregnar jafnáhættulínur sem afmarka hættusvæði A, B og C í vaxandi áhættu.